

September 1965

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

TÍMARIT UM STJÖRNUSAMBANDSMÁL



Útgefandi : Félag Nýalssinna
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Ritstjóri : Þorsteinn Jónsson
Úlfsstöðum, Borgarfirði

HA LASTJÖRNUR. (Sjá mynd á forsíðu)

Eitt af furðum sólkerfis okkar eru halastjörnurnar, sem ganga um okkar sól. Áður fyrr öllu þær ótta meðal fólks og voru taldar fyrirboði illra tíðinda.

Útlit halastjarna er mjög breytilegt en flestum er þeim sameiginlegt að út frá þeim gengur styttri eða lengri hali og snýr hann ávalt undan geislum sólarinnar. Hann gengur því á eftir kjarna halastjörnnunnar er hún nálgast sól, en á undan er hún fjarlægist sól.

Brautir þeirra eru mjög sporbaugslagaðar. Koma þær mjög nærri sól í sólnánd en fjarlægjast hana mjög í sólfyrð, jafnvel langt út fyrir brautir yztu reikistjarnanna. Sumar koma aðeins einu sinni og síðan aldrei meir. Fer það nokkuð eftir lögun brauta þeirra.

Umferðartími fjölmargra þeirra hefur verið reiknaður út nákvæmlega. Er hann mjög mislangur. T.d. gengur halastjarnan Encke um sól, á 3 1/3 ári, braut hennar nær ekki út til Júpíters, en Halleys - halastjarnan á 76 árum og nær braut hennar lengra frá sól, en braut Neptúnusar. Hraði þeirra er mjög misjafn, eftir því hve nálægt sól þær ganga, og eftir því hve umferðarbraut þeirra er löng. Halleys-halastjarnan er í sólnánd í 101.300.000 km fjarlægð frá sól en í sólfyrð í 5.260 milj. km fjarlægð. Í sólnánd gengur hún með 52 km hraða en í sólfyrð með 1 km hraða á sekúndu. (Til samanburðar má geta þess að jörðin gengur á sinni braut með 30 km hraða á sekúndu). Halastjarna sem gekk framhá sól árið 1843 nálgast hana allt að 125.000 km. Var hraði hennar þá orðinn svo gífurlegur að hann nam 550 km á sek.

Stærð halastjarna er oft geisimikil. Encke-halastjarnan sem er halalaus, er um 400.000 km í þvermál og Halleys-halastjarnan er um 600.000 km í þvermál. Sumar halastjörnur hafa afarlangan hala, en lengstur mun hann hafa verið á stjörnu þeirri sem birtist 1843. Var hann um 320 miljón km á lengd, eða heldur lengri en þvermál jarðbrautarinnar. Annars eru halar þeirra breytilegir að lengd og útliti, sumir eru t.d. klofnir. Stundum klofna halastjörnur í tvennt og stundum hverfa þær með öllu eða leysast upp, virðist þá sem efni þeirra dreyfist um miklu stærra svæði, en þá mun það halda áfram að snúast um sólina á sömu brautum og þær fóru áður. Veldur þetta miklum stjörnuhröpum, þegar svo ber við að jörðin sker brautir þeirra. Efni halastjarna er ákaflega þunnt jafnvel milljónum sinnum þynnra en gufuhvolf jarðarinnar. Margar halastjörnur koma í ljós á ári hverju, en fæstar sjást þær með berum augum

Ingvar Agnarsson.

Heimildarrit : Manuel pratique d'Astronomie, eftir Lucien Rudeau.

EFNI BLAÐSINS.

Vel þykir mér nú hafa tekizt fjölrítun síðasta blaðs. Þó hefir þar ofritast í fyrirsögninni að grein Þorsteins Guðjónssonar á bls. 25. Á þar að vera Upp koma svik um síðir, en ekki komast. Í grein Sveins Haraldssonar neðst og síðast á bls. 17 á að vera sagt en ekki sagði, því að sjálfur fullyrti biskupinn víst ekki, að guðirnir væru ómiskunnsamir, heldur var hann að hafa það eftir grískum spekingum.

Athyglisvert þykir mér það, sem Haraldur Jónsson segir frá í niðurlagi draumsögu sinnar varðandi koffortslykilinn, og ætlast ég til að sú frásaga komi í þessu hefti. Virðist mér hún koma heim við hina íslenzku skýringu á fyrirframskynjunum, sem birtist í Tímanum í vetur, varð síðan eitthvað til umræðu á félagsfundi Nýalssinna og ég einnig lét koma í þessu hefti. Virðist Haraldur þar hafa fengið samband við mann, sem líkt stóð á og fyrir sjálfum honum, nokkurskonar tvífara sinn, og að fyrir það hafi framsæið átt sér stað í draumnum. Einnig er þetta samkvæmt skilningi mínum varðandi morðlækninn sem segir af í kaflanum. Tekið upp úr " Morgni ", og falsjarðarförin var gerð að. Varð sá kafli afgangs, þegar síðasta blað var gefið út, og vil ég nú bæta því við þetta at- ríði hans, að þegar upp komst um lækninn, virðist einnig mega ætla, að skipt hafi um fyrir hinum illa tvífara hans, sem ætla verður þó að allmiklu lengra hafi verið kominn í illu. Bendir hin hryllilega brjálsemi læknisins til þess, að stjórnandi hans að morðunum hafi þá einnig hindrast, og að það hafi verið fyrir þátttöku læknisins í vítiskvölum þessarar sambandsveru sinnar, að hann, þar sem hann var geymdur, " þeyttist frá einum vegg til annars í þófaklæddum klefa sínum og gerði hinar löngu næturvökur svo hræðilegar með nístandi kvalahljóðum sínum ", eins og komizt er að orði þarna í " Morgni ". En í stað þess, að læknir þessi, sem um sumt var hinn nýtasti maður, hafi svo við dauða sinn lent í mjög illum stað, mætti svo ætla, að fyrir þessar vitfirringarkvalir sínar, hafi þá aftur skipt um fyrir honum til hins betra, og að það hafi þá forðað hon- um frá framlífsvíti, að upp um hann skyldi komast, meðan hann lifði hér.

Það sem hér kemur eftir Bjarna á Brekku, Ingvar og enn aðra, hefi ég engu við að bæta. Þó vil ég vekja athygli á því rannsókna- efni, sem það gæti verið og Bjarni víkur að, hve miklum mun oftár feiknlegir draumar munu jafnan hafa átt sér stað á feiknlegum tím- um. Ennfremur vil ég geta þess, að greinar okkar Þorsteins Guðjónssonar varðandi Heimskringlu og upprunalega áttu að vera svar til Benedikts frá Hofteigi, voru aldrei birtar eins og þó var ætlað til. En vegna þess, að þær hafa nokkurt athugunar- eða fróð- leiksgildi, lét ég þær koma hér.

Þorsteinn Jónsson

ÍSLENZK SKÝRING Á EÐLI FYRIRFRAMSKYNJANA.

Í " Tímanum ", 8. des. s.l. er sagt frá riti eftir Engending nokkurn J. B. Priestley að nafni og er þetta rit hans um drauma eða fyrirframskynjanir í svefni. Er skoðun höfundarins sögð vera sú, að í svefni geti menn stundum farið út fyrir tímann, og þykir mér slíkt jafnvel enn þá óskiljanlegra en að einhverjum mætti takast að stöðva jörðina á göngu sinni. Hvað eina sem gerist eða hefur gerzt getur ekki hafa orðið það sem það varð, án þess að hafa orðið það á sínum ákveðna tíma og stað, og má þá einnig gera sér ljóst, að ekkert getur verið algjör endurteking einhvers annars. Hitt er aftur á móti bæði hugsanlegt og marg endurtekin staðreynd, að furðulega lík atvik eigi sér stundum stað og til sönnunar því tel ég þau dæmi vera, sem tekin voru þarna upp í blaðið úr nefndu riti.

Svo sem ýmsum mun vera ekki með öllu ókunnugt, þá hélt dr. Helgi Pjeturss því fram, að sambönd eigi sér stað ekki einungis á milli hnatta himingeimsins, heldur einnig á milli lífheima hinna ýmsu jarða. Heimssamband alls lífs var það, sem hann hélt fram, og er það í rauninni svo sjálfsagt, sem nokkuð getur verið, að hvarvetna, þar sem skilyrði eru til, sé líf, og á hverjum stað sé lífið háð samböndum við lífennannarra staða. Hið eðlilegasta er að hugsa sér að sambönd og samskynjan lifenda eigi sér stað á milli hnatta og vetrarbrauta og er í því efni óþarft að vera að binda sig við svo lágkúrulega hugsun sem það er, að ætla enga geislan eða sambönd geta, hvað hraða snertir, komizt fram úr geislun ljóss eða rafmagns. Sú hefur ævinlega orðið raunin, að byggjendur slíkra takmarkana og neikvæðra hugmynda höfðu rangt fyrir sér, og er nærtækt dæmi um slíkt, hversu það er nú dottið úr sögunni sem vísindaleg niðurstaða, sem fyrir tiltölulega skömmu þótti þó hið vísindalegasta, að nær engan sólstjörnur hafi með sér fylgihnetti. Nú þykir það nokkurn veginn sjálfsagt og víst, að sólstjörnum fylgi yfirleitt jarðstjörnur og er að því leyti verið að nálgast hina íslenzku hugsun. Og tvennt er það nú, sem blasir við af sjónarhóli lífssambands óendanlega margra lífheima. Annars vegar er það hin óendanlega fjölbreytni, sem hlýtur að eiga sér stað, þar sem enginn einn á alveg sömu sögu eða aðdraganda og einhver annar. Hinsvegar er svo það samstæði eða samræmi, sem öll tengsl byggjast á. Er þannig hið líklegasta sem líka styðst við fyrirmyndafraði Platons og tilsvaranafraði Swedenborgs, að í geimnum muni vera um að ræða margar systurjarðir þar sem atburðir í heild renni eins og eftir einni og sömu braut, þó að seinni atburður geti hins vegar aldrei orðið alveg eins og hinn, sem á undan fór. Og þegar nú þannig dregur til þess hér á jörðu, að eitt-hvað gerist mjög líkt því, sem er að gerast eða hefur gerzt á annari jörð, þá skapast hér skilyrði til sambanda og samskynjunar við einmitt þá, sem þar eru þátttakendur, og samskynjunin verður þá hjá jarðarbúanum að draumi. Líkingin er það, sem til samband-

anna og samskynjunarinnar leiðir, og þegar svo hinn líki atburður gerist hér, getur í fljótu bragði virzt svo, að draumurinn um hann hafi verið fyrirframskynjun.

Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum.

Tíminn 6. janúar 1965.

VAR SNORRI STURLUSON EKKI HÖFUNDUR HEIMSKRINGLU ?

Í bréfi sem Benedikt frá Hofteigi skrifaði Peter Hallberg og birtist í " Tímanum " fyrir nokkru, er það mjög dregið í efa, að Snorri Sturluson hafi samið Heimskringlu þá, sem við hann er kennd, enda munu engar alveg fullgildar sannanir hafa verið til fyrir því. En fallist menn hins vegar á það, sem dr. Helgi Pjeturss sýndi fram á fyrir meir en 40 árum og Peter Hallberg hefir nú einnig sýnt fram á með samskonar rökum, að sami höfundur sé að Egilssögu og Heimskringlu, þá verða líkurnar undireins heldur meiri til þess, að Snorri hafi samið þessa snilldarlegu Norðurlandasögu, fremur en nokkur annar. En þó er annað sem gerir meira en að færa auknar líkur að þessu. Eins og Benedikt vék að, þá er það víst ekkert vafamál, að Snorri hafi samið Eddu þá, sem við hann er kennd, og þarf þá í rauninni ekki annað en það, sem mér skilst að þeir hafi þegar gert, Helgi Pjeturss og Peter Hallberg, að finna sameiginlegan stíl og kenniorð þessara þriggja rita til þess að vita, að Snorri hafi samið þau öll.

Ég er sammála Benedikt um það, að Heimskringla endi ein-kennilega snubbótt, og tók ég eftir því undireins og ég las hana í fyrstu. En það sem mér þá kom í hug, var ekki á þá leið, að Snorri hafi þar ekki verið höfundur, heldur hitt, að hann hafi aðeins ekki verið kominn lengra nóttina, sem hann var myrtur. Mér kom í hug, að hann hafi þar verið myrtur frá óloknu verki, og er, eins og ég hefi séð gízkað á, ekki ólíklegt, að hann hafi þá átt eftir að semja ýmislegt það, sem ekki hefði orðið síðra en þessi þrjú rit hans, sem nefnd hafa verið hér að framan.

Þorsteinn Jónsson
á Úlfsstöðum.

Eftir að mér bárust þessar línur frá Þorsteini Jónssyni, um skýringu hans á því, hvornig Heimskringla endar eins og fyrirvara-laust í sögu Magnúsar Erlingssonar miðri, tók ég eftir nokkru, sem ég hafði ekki áður gefið gaum að. En það eru eyður tvær fyrir staðanöfn í Noregi, sem koma fyrir í þessari sömu síðustu sögu

Heimskringlu. Í 6. kap. (Útg. Páls E. Ólasonar), þar sem segir frá Hákonni herðibreið, er þannig : Hákon konungur lá í höfn þeirri er heitir..... ok hafði fjórtán skip. " Og í 31. kap. : " En er þeir komu til vatns þess er heitir þá tóku þeir skip öll þau er váru við vatnið. " Ég hef flett lauslega öllu þriðja bindinu af Heimskringlu og ekki rekið mig á aðrar slíkar eyður, og verður þá öllu athyglisverðara, að þær skuli vera tvær á síðustu blaðsíðunum, og í þeirri sögunni, sem varla er hægt að líta á öðruvísi en ófullgerða. En sú bending um vinnubrögð Snorra Sturlusonar sem þessar eyður eru, kemur vel heim við annað sem sýnir, hve hlægileg fjarstæða það væri að líta á Íslendingasögur og önnur rit höfunda þeirra sem skáldsögur.

Þorsteinn Guðjónsson.

NOKKUR ORÐ UM DRAUMAKENNINGAR OG STILLILÖGMÁLID.

Þegar litið er yfir þann tíma, sem liðinn er síðan farið var að rannsaka eðli sálarlífsins, sem er ung vísindagrein, kemur í ljós að ýmsum þáttum hennar hefir miðað furðu lítið áfram. Flesta áhangendur hefir kenning Sigmundar Freud hlotið og verið þó umdeild. Eins og mörgum er kunnugt, hélt hann því fram, að draumarnir stöfuðu frá undir- eða dulvitund og að hver maður væri tvær persónur, hinn meðvitaði og dulvitaði. Í draumskýringum hans er því um mjög takmarkað svið að ræða og nær ekki út fyrir hvern einstakling. Í því falli gætu fjarhrif ekki átt sér stað. Að hans áliti veitir maður sér í draumi það sem hann þráir, en getur ekki veitt sér í vöku, því sífelld barátta á sér stað milli vitundarinnar og dulvitundarinnar. Þetta er eitt af grundvallaratriðum hans til skýringar á eðli draumlífsins. Enga skýringu hefi ég séð á því gefna hvers eðlis undirvitundin raunverulega er.

II.

Eins og þeim mun kunnugt vera, sem nokkuð að ráði hafa kynnt sér þessi efni, er uppgötvun dr. Helga Pjeturss á eðli drauma og miðilssambands algjör þverstæða við nefndar kenningar Freuds. Dr. Helgi hélt því fram að um enga klofningu vitundarlífsins sé hér að ræða, heldur samband vitunda, m.ö.o. í svefni fær maður meiri og minni þátt í lífi einhvers sem vakir. – Í þau meir en 40 ár síðan ég fór af alvöru að athuga drauma mína, hefi ég meir og meir sannfærst um, að draumaskýringar dr. Helga muni réttar vera. Örugg reynsla mín er sú, að mig dreymir ekki það sem ég þrái. Hinsvegar hefi ég veitt því eftirtekt að ráðandi aldarfar í hugum manna á hverjum stað, ráða því hvað mig dreymir. Þetta breytist

eftir umhverfi og mér finnst á stundum áður en ég sofna að ég viti í aðalatriðum hvernig draumurinn verður. Um reynzlu mína í þessu efni er að nokkru getið í ritgerð er nefnist „ Veruleiki stillilögmálsins og draumsambandsins ” í Íslenzkri stefnu 1951. - Í góðu samræmi við þetta eru svo áreiðanlegar sagnir um drauma manna á ýmsum tímum, hvernig t.a.m. feiknlegir draumar eru samfara skyldu aldarfari.

Á þessum árum get ég með nokkurri vissu ályktað, að tveir framliðnir vinir mínir hafi birzt mér í draumi. Við annan þeirra ræddi ég oft um gátur lífs og dauða. Finnst mér honum hafa tekizt á skemmtilegan hátt að tjá mér, að hann fengist við hugðarefni sín eftir burtför sína héðan af jörðu. Draumur þessi var mjög skýr, þó stuttur væri og gætti áhrifa hans lengi á eftir. Maður þessi dó á bezta aldri. Var fjölhæfur, starfaði um langan tíma með mér í söngfélögum og fleiru hér. Hans var því sárt saknað af öllum, sem til hans þekktu. Hygg ég að þarna hafi skapast skilyrði fyrir mig, á grundvelli stillilögmálsins, að fá draumgjafa, sem hinn látni félagi minn hefir fengið samband við og þannig birzt mér í draumi. Tel ég einnig mjög líklegt, að draumur sá er greint er frá í grein minni „ Sérstæður draumur ”, hér í blaðinu, hafi átt rætur sínar að rekja til skyldra og hliðstæðra skilyrða. En mjög eru slíkir draumar fágætir af skiljanlegum ástæðum. Þegar hið rétta eðli drauma og stillilögmálið verður af öllum þekkt og viðurkennt, finnst mér ekki óvarlegt að álykta, að fá mætti í draumi samband við framliðna vini og ættingja, - sem fluttir eru í önnur sólhverfi - miklu oftar en nú á sér stað.

Hér er ekki úr vegi að minnst á atriði, sem að nokkru getur stutt það mál að draumlífið sé sambandseðlis og um fjarhrif sé þar að ræða. Flestir munu hafa veitt því eftirtekt að þeir muna mismunandi vel drauma sína. Þegar þeir vakna að morgni eru margir draumar að fullu gleymdir, jafnvel þó menn muni þá nýdreymda, ef menn losa svefn að nóttu. Útaf þessu hefir þó brugðið fyrir mér á sérstæðan hátt. Í mjög fá skipti hefi ég veitt því eftirtekt að daginn á eftir, sem mig hefir dreymt draum, er ég var búinn að gleyma hafa atriði úr honum rifjast snögglega og óvænt upp fyrir mér. Finnst mér þá ég vera einsog í tvennu umhverfi. Þetta hefir ekki varað nema stutta stund, en ég hefi þó að nokkru getað athugað þetta sambandsástand.

Ráðningin á eðli draumlífsins hefir reynst torsótt mjög og þarf engan að undra. Allar bollaleggingar, jafnvel hinna færustu manna um það, hafa lent í þoku og ólýsi, allt þar til að dr. Helgi vann það afrek, að færa rök að því að hér er um fjarsýn og samband vitunda að ræða, ekki aðeins milli lifenda hér á jörðu - sem er staðreynd - heldur og langoftast við þá, sem aðrar jarðstjörnur byggja. Uppgötvun þessi er í rauninni stórkostlegri og margþættari en mörgum mun hafa fundizt við fyrstu íhugun. Hér er t.a.m. uppgötvað

lífið á öðrum jarðstjörnum. - Nú vantar ekki annað en að færustu andans menn fari að veita þessum málum athygli og hefji rannsóknir eftir þeim leiðum, sem hér hafa verið varðaðar. En ég vil í lokin, benda þeim er áhuga myndu hafa á að kynna sér þessi mál sjálfir, að hafa í huga einkunnarorð dr. Helga fyrir ritgerð sinni í Framnýal, Vísindaleg rannsókn á eðli drauma, er svo hljóða : „ Það tvennt er ólíkast að dreyma drauma og að rannsaka eðli draumlífsins ”.

12. apríl 1965

Bjarni Bjarnason

Brekkubæ

TEKÐ UPP ÚR "MORGNÍ".

I. Fremst í XII. árgangi "Morguns" talar ritstjórinn, Einar H. Kvaran, um það, hve hinum framliðna Konráði Gíslasyni, aðalstjórnannda Indriða miðils að handan, hafi verið lítið gefið um, að segja þeim herna megin frá lífinu eftir dauðann. Virðist ekki alveg laust við, að E.H.K. furði sig nokkuð á þessu, því að eitthvað ræðir hann um hugsanlegar orsakir til þessa. En þegar þess er gætt, hve alfjarri E.H.K. og samstarfsmönnum hans við sambandstilraunir þessar var að setja líf eftir dauðann í samband við aðra hnetti, þá þarf ekki svo mjög að undrast yfir þessu.

Það var á árunum 1919 til 1922 að Nýall kom út. Hinsvegar byrjaði tímarit sálarrannsóknamanna, "Morgunn" að koma út árið 1920. En þó að Nýall fjatli-að mjög verulegu leyti um samskonar efni og "Morgunn", þá liðu svo ellefu ár að hans er þar að engu getið. 1931 kom þar svo grein eftir Ragnar E. Kvaran með fyrir sögninni Stjórnur og líf, og er þar minnst á kenningar Nýals þannig, að þær geti ekki staðist. Má af þessu skilja, að tilraunir að handan til þess að koma í gegn einhverju varðandi einmitt þetta, hafi þarna verið meira en vonlausar og að hinn framliðni Konráð Gíslason hafi því ekki viljað hætta á slíkt.

En þó að "Morgni" hafi enn ekki auðnast að verða boðberi stjórnulíffræði og að hann af þeirri ástæðu sé nú líklega heldur ómerkilegra rit en hann var í fyrstu, þá er þar margt, sem styður stjórnulíffræði óbeinlínis. Skal nú, þó að ýmsum Nýals-sinum sé sennilega kunnugt flest í "Morgni", taka hér upp úr honum nokkra þætti og athuga lítið eitt í ljósi hins nýalska skiln-

ings. Koma hér þá fyrst þrjár frásögur, teknar úr VIII. árg. " Morguns ", og heita þær:

Litla stúlkan, beinagrindin og biskupinn.

"Tilraunirnar fóru fram í tilraunasal Lombrosófélagsins í Santos, að dagmálum í fullri birtu í viðurvist margra þekktra manna. Tilraunasalurinn er 10 x 11 metrar á stærð.

"Mirabelli situr á stól, náfölnur í framan. Hann hnígur brátt í sambandsástand. Líkamshitinn er 36.2, slagæðin óróleg, allt upp í 128, húðin algjörlega tilfinningalaus, ástand miðilsins ískyggilegt. Hann löðursvitnar. Auðsjáanlega er gengið svo nærri miðlinum, sem verða má frekast, en hann virðist beita öllu lífsafla sínu til þess að komast úr öngþveiti, sem vér vitum ekki, hvernig stendur á. Allt í einu heyrast þrjú högg barin í borðið í salnum og að sagt er með barnsröddu: Pabbi.

"Dr. Ganymed de Souza, einn þeirra, sem þarna voru, segir hrærður, að hann þekki málróm litlu dóttur sinnar, sem dáið hafi úr influenzu. Nú biðu allir og stóðu á öndinni, unz þeir sáu stúlku birtast við hliðina á miðlinum. Faðirinn, sem réð sér naumast fyrir geðshræringu gekk út úr hringnum, ávarpar dóttur sína, gengur til hennar og faðmar hana að sér. Læknirinn endurtekur hvað eftir annað, að það sé dóttir sín, sem hann heldur í faðminum, og heyrast grátekki í röddinni. Hann kvaðst sjá, að hún væri í sömu klæðum og hún hafi verið jörðuð í. Hún er alveg eins og lifandi jarðnesk manneskja að öðru leyti en því, að hún er föl sem nár.

"Meðan á þessu stóð, lá Mirabelli eins og hann væri í dauðateygjunum, samanhniginn, nábleikur, vöðvarnir magna-lausir, andardrátturinn veikur og smáymjandi, slagæðin naumast merkjanleg.

"Octavio viana ofursti stóð upp til þess að ganga líka úr skugga um raunveruleik fyrir brigðisins. Hann tók líka litlu stúlkuna í fang sér, þreifaði á slagæðinni og horfði inn í djúpu, dularfullu augun hennar, lagði fyrir hana spurningar, sem hún svaraði skynsamlega, en með tilbreytingarlausri, dapurlegri rödd. Viana ofursti staðfesti sömuleiðis, að þetta væri sönn vera. Dr. de Souza rifjaði upp endurminningar frá bernsku dóttur sinnar og fékk svör á móti, sem sýndu, að hún kannaðist við það. Ljósmynd var tekin af stúlkunni. Þegar því var lokið, tók hún að sveifla sér til í salnum, hóf sig upp í loftið og bylti sér til eins og fiskur í vatni. Fundarmenn voru nú staðnir upp og gengu aftur fyrir stúlkuna, sem þeir náðu vel til með hend-

inni. Samfara sundhreyfingum verunnar gerði miðillinn samskonar hreyfingar með framhandleggjunum, sem titruðu mjög. Eftir að stúlkan hafði sézt svífa í loftinu enn nokkrar sekúndur, hvarf hún skyndilega. Hún hafði sýnt sig hóp menntaðra manna 36 mínútur í dagsbirtu, þar sem skilyrði voru svo góð, að ekki varð út á þau sett, enda hikuðu þeir ekki við að lýsa því yfir, að þeir hefðu ekki getað betur séð en að þetta hefði verið alsköpuð mannleg vera.

"Dr. Ganymed de Souza fannst sem hann missti barn sitt í annað sinn - svo mjög hafði þessi atburður fengið á hann.

"Mírabelli var enn gætt vandlega, unz hann vaknaði. Franska tímaritið tekur fram, að þarna hafi verið viðstaddir 20 læknar og 7 prófessorar, auk annarra.

"Þegar miðillinn hafði yfirbugað hinn gífurlega taugaspenn-
ing, er þessi tilraun hafði bakað honum, hélt hann enn lengi áfram
að titra og var þreyttur. Hann hafði enn ekki náð sér að fullu,
er áköf högg heyrðust út úr skáp einum, þar sem geymd var
hauskúpa (til afnota við nám). Hauskúpanni var slengt fram og
aftur af ósýnilegu afli með svo mikilli ákefð, að eigi var annað
sýnna en að henni væri ætlað að sprengja fangelsi sitt. Einn
fundarmanna gekk að skápnunum og ætlaði að opna hann, en
hurðir hans opnuðust þá af sjálfu sér skyndilega, hauskúpan kom
út úr honum og hófst upp í loftið og jafnframt skelltust tennurnar
saman í sífellu. Dr. Ganymed de Souza furðaði sig á því með
sjálfum sér, að beinagrindin, sem tilheyrði hauskúpanni, skyldi
ekki líka koma í ljós. Eins og þeirri hugsun væri svarað, mynd-
uðust jafnskjótt hálsliðir, því næst brjóstkassi og armar, hrygg-
ur, mjaðmir, fótleggir og loks fætur með öllum beinum. Haldið
var í báða handleggi miðilsins, en hann talar nú í óráði og þeytir
miklu freyðandi munnvatni út úr sér og slær sjálfan sig æðislega
á stólnum. Allar slagæðar sýnast þandar og slá ákaft. Út frá
Mírabelli leggur sterka nálykt, sem er fundarmönnum mjög
óþægileg og eitrar svo andrúmsloftið í herberginu, að hún hverf-
ur ekki, þó að nýju lofti sé hleypt inn. Beinagrindin styður nú
niður fótunum og byrjar að skálma óstöðugt yfir gólfið, líkt og
storkur, sem styggð hefir komist að. Dr. Ganymed de Souza
reynir að sannfæra sig um raunveruleik fyrirbrigðisins með því
að þreifa á beinagrindinni. Hann slær í hörð, feitug beinin,
finnur til ónota og fer aftur í sæti sitt. Miðillinn beygist saman
og vindst í stólnum, svo að honum verður varla haldið kyrrum.
Beinagrindin heldur áfram hinni agalegu göngu sinni um herberg-
ið. Dæmi dr. Ganymeds verður hinum fundarmönnum hvatning,
þeir vinna bug á viðbjóði sínum, standa upp hver af öðrum og þreifa
á þessari skuggalegu ímynd dauðans og rotnunarinnar. Óhug
hefir slegið á alla við að horfa á þessa hryggðarmynd, sem sýnir

svo greinilega örlög manna. Nályktin helzt enn. Beinagrindin byrjar hægt og hægt að leysast upp og hverfa, fæturnir fyrst, unz hauskúpan svífur að lokum ein í loftinu, en nú skellir hún ekki kjálkum, heldur fellur hún ofan á borðið og liggur þar kyr.

"Meðan þetta gerðist, var miðillinn alltaf fjötraður og honum haldið, en nú er hann allur með krampateygjum, hann er lengi að vakna, blóðrás og andardráttur hefjast aftur, en miðillinn er afskaplega þreyttur.

"Nú hefst fjörug samræða um það, hvort hópsefjun muni vera hugsanleg. Nákvæm rannsókn á miðlinum, tilraunasalnum og hauskúpunni eftir á leiðir ekkert grunsamlegt í ljós.

"Þetta gerðist kl. 9,45 fyrir hádegi, í björtu sólskini, þar sem hinu strangasta eftirliti var beitt, í viðurvist margra mentaðra manna, og stóð yfir í fullar 22 mínútur.

Meðan fundarmenn voru enn að ræða atburð þann, sem nú hefir verið frá sagt, komst miðillinn af nýju í æsingu og fullyrti, að hann sæi inni í herberginu líkama biskups dr. Jóse de Camargo Barros, en hann hafði drukkað, þegar skipið "Syrio" fórst. Samtalinu var hætt og Mírabelli settur í hina vanalegu gæzlu. Yndislegan rósailm lagði um herbergið. Miðillinn fölnaði upp og hneig í sambandsástand.

Inni á tilraunasvæðinu, sem hringurinn luktum um, sást allt í einu fín, létt þoka, en nú stöðdu allir á hana. Höndum og fótum miðilsins var haldið. Þokan roðnaði og hún þéttist; hún ljómaði eins og gullið ský, og út úr henni leystist mannsmynd hægt og hægt; hún brosti með biskupshattinn á höfðinu, skrydd öllum tignarmerkjum embættis síns, hóf sig upp af stólnum og nefndi nafn sitt með hvellum rómi, sem allir gátu heyrt: dr. Jóse de Camargo Barros. Fundarmenn gengu úr skugga um, að hér væri ekki um neina misskynjan að ræða. Herbergið var óbreytt og þar bar ekkert vott um, að neitt óvanalegt hefði komið fyrir. Hefði ókunnugur komið inn, hefði hann álitist biskupinn vera einn fundarmanna.

Dr. Ganymed de Souza stóð upp og færði sig óhræddur nokkur skref nær biskupnum og nam þar staðar gagnvart honum. Ekki sagði hann neitt, en brosti framan í rannsóknarmanninn, sem gekk nú alveg að honum, þreifaði á honum, dustaði hann rækilega til, sló í tennur hans, fór upp í hann með fingurinn og þreifaði á gómnunum, til þess að komast að, hvort munnvatn væri í munninum; hann hlustaði hjartað og andardráttinn, lagði eyrað við kviðinn á þessum hefðarklerki, er sig sagði vera, til þess að ganga úr skugga um starf innýflanna hann rannskaði neglurnar og augun og athugaði sérstaklega blóðæðarnar í þeim, og sneri því næst aftur í sæti

sitt, en barðist enn stöðuglega við efnagirni sína. Og þó var þetta engum efa undirorpið – það var maður, sem hér dvaldi.

Hinir fundarmennirnir fóru að dæmi dr. Ganymeds, og við alla var hinn dularfulli gestur jafn vingjarnlegur. Þeir gengu úr skugga um, að hér var ekki verið að gabba þá, heldur birtist hér í raun og sannleika mannleg vera með öllum líffærum líkamans. Biskupinn talaði við fundarmenn á hreinni, vandaðri portúgísku, og mælti að lokum: " Gefið vel gaum að, hvernig ég hverf ". Gekk því næst að stól miðilsins, sem lá í djúpu sambandsástandi. Fundarmenn höfðu nú nákvæmar gætur á sérhverri hreyfingu, til þess að missa ekki af skemmtilegasta atriði tilraunarinnar : aflíkamaninni.

Þegar biskupinn kom að miðlinum, sem enn var í sambandsástandi, beygði hann sig yfir Mírabelli, lagði hendur sínar á hann og virti hann hljóður fyrir sér um stund. Fundarmenn stóðu í hring utan um þá. Ákafir kippir komu í líkamninginn hvað eftir annað, hann byrjaði að rýrna og lækkaði stöðugt. Miðlinum var haldið nákvæmlega, en hann var allur löðrandi í köldum svita og korraði í honum. Loks var líkamningurinn ekki orðinn nema 30 cm á hæð. Þá hvarf hann með svo skjótri svipan, að því verður ekki lýst.

Aftur lagði yndislegan rósailm um salinn. Mírabelli var lengi að vakna. Sú rannsókn, sem gerð var á eftir, veitti enga skýringu á því, sem gerzt hafði."

II.

Ekki veit ég, hvort miðill þessi, sem hér ræðir um, hefir nokkru sinni eða ekki verið kenndur við svik eða blekkingar. En samkvæmt ofanskráðri frásögn virðist slíkt þarna naumast geta komið til greina. Og þegar gætt er að því, sem-gerðist þarna, þá getur til skýringa ekki verið nema um hinn nýalska skilning að ræða. Taki menn eftir því, að líkamningur biskupsins var algjörlega eins og líkami lifandi manns. Þarna á sér stað ekki einungis andardráttur og blóðstreymi í æðum, heldur einnig er melting í gangi hjá þessum skyndiskapaða einstaklingi. Og hvernig hefði slíkt getað átt sér stað, án þess að þar hafi verið um eftirmynd að ræða einhvers annars fullkomlega holdlegs líkama á öðrum stað? Samband milli lifandi manns og framliðsins hlýtur, eins og ég hefi tekið fram áður, að byggjast á því, að báðir aðilar séu sama eðlis og þá auðvitað á sama hátt líkamlegir. Hvað beinagrindina snertir, þá verður að ætla, að einnig þar hafi hlotið að vera um að ræða eitthvert samstæði við fyrirmynd, eitthvert samband við rotnandi beinagrind, sem fyrir

kraft frá miðli og fundarmönnum var látin hreifast, og þar þá einnig að hafa í huga þetta minningalögmál, sem veldur því, að svipur framliðsins manns lítur víst oftast út líkt því, sem hinn framliðni var rétt fyrir dauða sinn, en ekki eins og ætla má að hann geri í framlífi sínu, meira en endurnýjaður til þess, sem hann bezt var í frumlífi sínu. Er líklegast, að þarna hafi verið eftirlíking beinagrindar þeirrar, sem hauskúpan tilheyrði og að sambandið hafi því meðal annars verið við framliðinn eigna hvortveggja.

En nú fletti ég aftur upp í "Morgni" og segi útdrátt hryllilegrar morðsögu, sem þar stendur í XII. árgangi bls. 223 til 231. Voru morð þessi 17 að tölu framin: með nokkru millibili af sama manni og alltaf nokkurnveginn á sama hátt án þess, að morðinginn fyndist og unnt yrði að koma í veg fyrir þau. Hinsvegar var það svo í nokkur skipti, að skyggn maður sá þessi morð gerast lítið eitt fyrirfram eða áður en þau voru framin, og segir þannig á bls. 224:

— Einn dag, er hann (hinn skyggni maður, Lees) var að rita í skrifstofu sinni, þóttist hann sannfærður um, að "kviðristarinn" væri að fremja annað morðið.

Honum sýndist hann sjá karlmann og kvenmann ganga niður langa aðalgötu. Hann fylgdi þeim eftir með hugarsjón sinni og sá þau ganga inn í mjóan húsagarð. Hann gætti að og las nafnið á garðinum. Það var brennivínsbúð nálægt þessum húsagarði og blasti við ljós. Þegar hann leit út um glugga, sá hann að vísarnir stóðu á 12,40, þeim tíma, er veitingarhúsum var lokað á kvöldin. Þegar hann gáði að (í skyggnisýninni), sá hann manninn og konuna ganga inn í dimmt horn í garðinum. Konan var hálf-drukkinn, en maðurinn alls gáður. Hann var í dökkum fötum úr skozku efni með ljósan yfirfrakka á handleggnum og ljósblá augu hans glömpuðu í geislum lampa ljóssins, sem dauflega lýsti upp þetta skúmaskot. Maðurinn lagði aðra hönd á munn konunnar, auðsjáanlega til þess að hindra það, að hún æpti, dró hníf upp úr vasa sínum á vestinu og skar hana á háls. Blóð spýttist á skyrtubrjóst hans. Hann skar síðan í líkama hennar ýmsa djúpa skurði með vísindalegri leikni, þerraði gætlega hníf sinn á klæðum konunnar, stakk honum í skeiðar og fór í hinn ljósa yfirfrakka sinn, hneppti honum uppúr, eins og til að hylja skyrtubrjóstið, og gekk í hægðum sínum burt frá morðstaðnum.

Á eftir þessu er í "Morgni" sagt frá því, hversu hinn skyggni maður reyndi, en án árangurs, að fá hina frægu lögreglu, Scotland Yard til að koma í veg fyrir morðið með því að vakta staðinn, þar sem honum þótti sem það mundi fara fram, og hversu morðið átti sér þar svo stað kvöldið eða nóttina eftir. Þá er næst sagt

frá því, hversu 3000 lögregluþjónum og 1500 leynilögreglumönnum mistókst að koma í veg fyrir annað morð, sem morðinginn hafði gefið þeim skriflega tilkynningu um, að hann mundi fremja, hversu hinn skyggni maður kom hér aftur og aftur við sögu og hversu honum loks tókst að leiða lögregluna á fund morðingjans, sem reyndist vera þekktur og mikilsvirtur læknir. Skal hér að lokum tekið upp úr frásögn þessari á bls. 230 til 31 í þessum XII. árg. " Morguns ".

Eftir að kona læknisins hafði játað, að maður sinn væri stundum ekki með öllu ráði, og eftir að læknirinn sjálfur hafði játað, að komið hefðu þau tímabil, að hann ekki mundi eftir sér, segir svo :

" Hann sagði læknunum, að hann hefði einu sinni eða tvisvar setið í herbergi sínu og verið eins og allt í einu vaknaður af löngu meðvitundarleysi, og einu sinni hefði hann fundið blóð á skyrtubrjósti sínu, sem hann hefði haldið stafa af blóðnösum. Í annað sinn hefði hann verið klóraður í andlitinu."

● " Nákvæm leit var gerð í húsinu og ríkar sannanir fundust fyrir sekt læknisins. Dökkur búningur úr skozku efni, linur flókahattur og ljós yfirfrakki, sem Lees hafði lýst, fannst allt saman.

Læknirinn var þegar fluttur á einkahæli í Islington, þar sem hann varð hinn óviðráðanlegasti vitfirringur, sem þangað hafði nokkurn tíma komið. - - -

" Til þess að gera grein fyrir hvarfi læknisins, var hann sagður dauður og yfirskinsgreftun fór fram, svo að í einum kirkjugarði í London hvílir nú tóm kista í ættargrafreit, sem haldið er að geymi dauðlegar leifar læknis í West End, sem margir syrgðu að hefði dáið svo snemma."

III.

Í formála mínum að síðasta hefti félagsblaðsins og í grein minni um fyrirframskyngjanir í þessu hefti geri ég ráð fyrir því, sem Helgi Pjeturss hélt fram, að slíkar skyngjanir verði til fyrri samband við fyrirrennara á öðrum hnetti, þar sem mjög líkt sé ástatt og hér á jörðu. Og sé nú hugleitt það, sem hér var til frásagnar, þá virðist það vera til stuðnings þeirri ályktun. Að sjálf-sögðu munu sálfræðingar líta svo á, að framferði læknisins hafi stafað af hugklofningi, sem oft er talað um, og að morðin hafi hann framið sem nokkurskonar mótvægi þess, að hann var læknir og bjargaði stundum mannslífum. Nú má vel vera, að eitthvert vit kunnni að vera í slíkum kenningum þó að þess sé hér hinsvegar að gæta, að slíkt mótvægi virðist yfirleitt ekki koma til greina hjá

læknum né öðrum. En hvað sem öllum sálfræðikenningum líður, þá er það frá hinu nýalska sjónarmiði alveg sjálfsagt, að læknirinn hefir framið morð sín í einhverskonar sambandsástandi, og er líklegast, að eftir að komst upp um hann, hafi það samband orðið við eindreginn kvalastað svo sem allt látæði hans í vitfirringaklefanum vottaði. Þetta, að hann skyldi ekki vita, þegar hann kom til sjálfs sín, hvað hann hafði framið, bendir auðvitað eindregið til sambandsástands, og að honum í því sambandsástandi skyldi ævinlega takast að leika á lögregluna, bendir til þess, að sambandið hafi verið við meira en mannlega glæpaveru. Og það sem bar fyrir hinn skyggna mann, verður svo auðvitað einnig að rekja til sambanda, sem ekki gátu einungis verið við hinn sambandsveika lækni, heldur líka og fremur stjórnanda hans eða forgangara á annari jörð, og þó ekki einungis það. Það er nefnilega auðsætt, að þarna hefir einhversstaðar að gripið inn í viðleitni til að að koma í veg fyrir verknaðina hér, þó að ekki tækist betur til en þetta, og að hinn skyggni maður hafi stjórnast af þeirri viðleitni. Geri ég ráð fyrir, að það sem bar fyrir hinn skyggna mann og það sem hér átti sér svo stað, hafi ekki verið svo nákvæmlega eins og honum virtist, og að hugsun þess, sem bjarga vildi, hafi í því sambandi nokkru valdið. Það sem mér skilst að hér hafi verið um að ræða, er með öðrum orðum þannig: Hinn skyggni maður fær þátt í vitund einhvers þess, sem aðstöðu hefir til að sjá morð vera framið. Og fyrir vitneskju um samband morðingja þessa við lækni hér á jörðu sér hann fram á aðdraganda þess, að slíkt morð verði einnig framið hér. En við það að sjá fram á slíkt og þá um leið, hvernig það muni verða, (slíka yfirsýn má hugsa sér að lengra kominn íbúi annarrar stjörnu geti haft líkt og þegar séð er fyrir um veður og þó betur), dregur skynjan þess, sem er að gerast, nokkurn dóm af því, sem sýngjafinn sér að muni gerast. Bendir nokkuð í átt til þessa, eða gæti bent, að í rauninni var það framar vonum að geta við þær aðstæður, sem talað er um í hinu myrka garðshorni, séð svo greinilega allar aðfarir morðingjans, sem hinn skyggni maður þóttist gera. Og til stuðnings því, að svo hljóti að vera, sem ég nú hefi haldið fram, tek ég hér að lokum enn einn kafla upp úr " Morgni ", XII. árg. bls. 7 - 8, og er það Einar H. Kvaran, sem þar talar:

" Þetta atriði er sú kenning, að tími og rúm séu í raun og veru ekki annað en nokkurskonar glapsýnir ófullkomins tilverustigs. Þegar vér séum komnir yfir í annan heim, séum vér komnir út úr tíma og rúmi, og þar af leiðandi hljóti ástandi voru að vera svo háttáð þar, að því verði ekki með nokkru móti lýst fyrir jarðneskum mönnum. Um þetta hefir verið og er allmikið ritað af sumum spíritistum. Ég held, að þeir, sem kunna að reka sig á þessar kenningar, ættu ekki að láta þær á sig fá. Ég held, að þær séu fjarstæða, og a. m. k. hjálpi þær oss ekki út úr neinum örðugleikum. Menn hafa hugsað sér það um guð, að hann sé algjörlega haf-

inn yfir og utan við tíma og rúm. En það er eins um þann eiginleika hans og aðra eiginleika, sem vér höfum eignað honum, að vér getum ekkert í honum skilið. Vér skiljum ekki eiginleika ótakmarkaðrar veru. Og vér getum ekki hugsað oss, að nein takmörkuð vera sé fyrir utan tíma og rúm.

Nú er það svo um oss mennina, að telja verður áreiðanlegt, að vér séum takmarkaðar, og meira að segja mjög takmarkaðar verur, þegar vér erum komnir í annan heim. Sumum hefir gengið illa að skilja þetta. Þeir hafa þess vegna talið það bersýnilegt, að engin skeyti, sem reyndust óáreiðanleg, gætu komið frá framlíðnum mönnum. Slík ályktun er auðvitað fásinna. Framlíðnir menn eru takmarkaðir, að því er kemur til hugrænna eiginleika. Og því er haldið fast að oss, sem grundvallaratriði, er vér megum ekki gleyma, að þeir hafi líkama, er að ýmsu leyti, að minnsta kosti, sé búinn samskonar líffærum eins og vor jarðneski líkami. Einhversstaðar hlýtur sá líkami að vera, í einhverju rúmi. Vér getum alls ekki hugsað oss neinn líkama, án þess að hugsa oss jafnframt eitthvert rúm. Öðru grundvallaratriði er haldið fast að oss : að framfarir gerist í öðrum heimi — að framlíðnum mönnum fari stöðugt fram þar, ef þeir vilja það sjálfir. Öllum mannlegum skilningi hlýtur að vera það ofvaxið að hugsa sér framfarir og þó engan tíma. Það væri hvort öðru gagnstætt. Hvar sem framfarir gerast, hljóta þær að gerast í tímanum.

Það er auðsætt, hvernig stendur á bollaleggingunum um það, að tíminn sé ekki til í heimi framlíðinna manna. Þær stafa af því, sem ég hefi í einni bók minni nefnt dularfyllsta fyrirbrigðið, fyrirboðnum, vitneskjunni, sem stundum kemur fram um það, er gerist á ókomnum tíma. Þeir sem vilja fyrir því hafa, geta lesið nokkuð um þetta fyrirbrigði og heilabrot út af því í bók, sem út kom fyrir 15 árum og heitir " Trú og sannanir ". Ég ætla ekki að fara frekar út í það mál nú. Ég lít á það nú eins og ég leit á það þá, að fyrirbrigðin séu oss óskiljanleg með þeirri þekkingu, sem vér höfum nú. En á hitt langar mig til að benda, að það er alveg gagnslaust að fara að skýra óskiljanlegt fyrirbrigði með óskiljanlegum tilgátum . Og tilgátan um, að tíminn sé ekki til annarsstaðar en á ófullkomnu tilverustigi, er oss alveg óskiljanleg, jafnt þeim, sem eru að halda henni fram, eins og hinum, sem ekkert leggja upp úr henni. "

Þorsteinn Jónsson.

ÚRELTAR KENNISSETNINGAR OG HIN NÝJU SAMBANDSVÍSINDI.

I

Orð þau, sem prestar nota í venjulegri messugjörð, eru oft sprottin af miklum misskilningi, á því efni, sem þeir fjalla um, hverju sinni. Glöggð dæmi þess, er m. a. bænin " gakk þú ei í réttlætisdóm við oss",

sem prestar tóna frá altarinu við nær hverja guðþjónustu. Guð er þarna beðinn að dæma okkur ekki samkvæmt tilverknaði okkar. Samkvæmt þessu er guð álitinn vera refsandi guð, sem alla jafna refsar okkur, sekum mönnum fyrir misgjörðir okkar, og bænin er gjörð til að reyna að milda þennan dóm hans.

Ég held, að með þessu sé guði gert rangt til, að með þessu séum við að gera lítið úr kærleika hans. Kærleika guðs munu engin takmörk sett. Og áreiðanlega hyggur hann ekki á dóm eða hefndir, fyrir breytni okkar, hversu rangsnúin, sem hún kann að vera. Guð er kærleikur, segir í biblíunni, og fátt mun sannara vera. "Kærleikurinn umber allt, þolir allt, fyrirgefur allt." Guð reynir að bæta úr öllum ágöllum okkar með mætti sínum og kærleika. Hann refsar aldrei.

Aftur á móti eru að verki í allri tilverunni, sígild lögmál, sem eðli sínu samkvæmt hljóta að vera óumbreytanleg. Það eru lögmál orsaka og afleiðinga. Ill breytni hefur í för með sér slæmar afleiðingar, sem hljóta fyrr eða síðar að koma niður á þeim, sem illa breytti og kann ég ekki við að kenna guði um, þótt svo fari. Því Guð mun ávallt leitast við að milda afleiðingar illrar breytni, samkvæmt kærleika sínum og eðli. Öll rangsnúin breytni hlýtur ávallt að særa hann, og hryggja, og hann hlýtur ætíð að reyna að koma í veg fyrir illa breytni, eftir því, sem hann getur komið því við.

II

Mér finnst, að prestar ættu að endurskoða ýmislegt það, sem þeir nú flytja tilheyrendum sínum. Því margt af því særir skilning og trúarvitund einlæggra tilheyrenda kirkjunnar.

Er mér þar einkum í huga sumt það, sem föst venja er að flytja við hverja guðþjónustu. Virðast þetta vera ýmsar setningar sem þagnar hafa verið frá löngu liðnum kirkjufæðrum, setningar, sem nú eru að réttu lagi löngu úreltar, samkvæmt nýjum skilningi á heimi og lífi.

III

Hversvegna hefur dregið svo mjög úr kirkjusókn á síðustu árum? Er það vegna þess, að fólk hugsí minna nú en áður um andleg málefni? Ég held, að því sé alls ekki svo farið. Um það vitna m. a. allar þær bækur, sem gefnar eru út um spíritisma og önnur skyld efni, sem fjalla um lífið og tilveruna og sem eru lesnar allra bóka mest. Nú held ég því samt ekki fram, að prestar eigi endilega að tileinka sér kenningar spíritista, og boða þær í kirkjum sínum. Til þess byggja spíritistar ekki óg á raunsönnum skilningi á tilverunni, á lífi og dauða, þótt ýmis merkilegur árangur hafi náðst með rann-

sóknun þeirra, á þessum sviðum, einkum að því eru varðar sannanir fyrir framhaldslífi.

IV

Ýmsir prestar eru hræddir við þá þróun, að blind trú á guð og biblíuna eins og þeir túlka hana, breytist í rökræna hugsun og skilning hjá þeim, sem á annað borð hugsa.

Ég býzt við að í þessu, sé einkum fólgin sú breyting, að fáir sækja nú kirkjur, hjá því sem áður var, því margir eru farnir að reyna að skilja, í stað þess að láta sér nægja einasaman trú.

Prestar hafa dregist aftur úr eðlilegri þróun mála í boðun sinni og túlkun trúarbragða. Ef hér á að verða breyting á mun verða að taka upp gjörbreytta stefnu, ekki þó með því að afneita trú og trúarbrögðum, heldur með því, að komast lengra, þ. e. a. s. með því að byggja trúsína og túlkun hennar á skoðunum og skilningi í samræmi við þær uppgötvanir er beztar hafa verið gerðar á tilverunni og alheimnum. Í stað hins þrönga hrings, er þeir hafa hingað til markað sér, verða þeir að tileinka sér hin víðustu sjónarmið er mannsandanum hefur til þessa tekist að ná tökum á. En hver er þá sá sjónarhóll, er þeir gætu horft frá, til að geta áttað sig á því efni, er hér hefur verið minnst á

Kem ég þar þá að efni, sem ég tel að andlegir fræðarar almennings, prestarnir, ættu að kynna sér rækilega, ef verða mætti til þess að þeir gætu horft á málefni trúar og kirkju frá hærri og raunsærri sjónarhóli, en þeim hefur verið unnt allt til þessa.

Til er ritsafn er Nýall heitir, og ritað fyrir allmörgum árum af dr. Helga Pjeturss, sem flestum mun kunnur af afspurn, þeim sem ekki hafa kynnt sér verk hans af eigin raun. Eg mundi eindregið vilja ráða prestum, sem og öðrum, að þeir kynntu sér rækilega ritverk hans, og þann nýja skilning á lífinu og tilverunni, sem hann fyrstur manna á þessari jörð hefur borið fram. Því miður, hafa undirtektir við kenningar hans verið minni, en æskilegt hefði verið og sannast þar sem oftast að erfitt er að vera " spámaður í sínu föðurlandi ". Síðan kenningar hans um samband lífsins í alheimi komu fram, hefur margt farið öðruvísi en æskilegt hefði verið. Þverrandi kirkjusókn, mætti e. t. v. nefna í því sambandi. Og kemur mér þá ósjálfrátt í hug, hvort vegur prestanna hefði ekki orðið meiri, ef þeir hefðu tileinkað sér skoðanir og skilning dr. Helga Pjeturss á gátum tilverunnar.

V

Ef prestar færu að boða trúarkenningar sínar með skilningi dr. Helga, sem leiðarstjörnu, hygg ég að ekki einungis mundi

kirkjusókn til þeirra aukast stórlega, heldur mundi hinni nýju boðun fylgja "kraftur nokkur og ekki lítill". Því boðun háleittra hugsjóna með fullum skilningi að leiðarvísi, mundi greiða æðri krafti leið að hjörtum manna og breytingar til bóta, mundu ekki lengi láta á sér standa, þjóð okkar til handa. "Sannleikurinn mun gera yður frjálsa," segir Jesús. "Þar sem sannleikurinn er hættur að vera máttlítill, þar er ekki helvíti frammar" segir dr. Helgi Pjeturss. "Á útjaðri vitheims" eins og hér á okkar jörð á sannleikurinn og skilningurinn á honum ávallt erfitt uppdráttar.

Að tileinka sér réttan skilning á undirstöðulögmálum allrar verðandi, er höfuðatriði til þess að æðri máttur geti komið sér hér við betur en hingað til.

Prestar hafa hér líklega betri aðstöðu en flestir aðrir. Því þeir búa við fremur frjálslega kirkjuskipan, og þeir eru boðendur hugsjóna, sem gætu lyft allri þjóðinni á herra stig, ef þeir tækju inn í boðun sína þann skilning og þær líffræðilegu uppgötvanir, sem bezt mundu stilla þjóðina til sambands við æðri öfl, ef þegar væru.

Ingvar Agnarsson, á páskadag 1965.

FORNÍSLENZKIR STJÖRNUFRÆÐINGAR.

Dani nokkur sem eitt sinn var herbergisfélagi minn á sjúkrahúsi, sá mig einhverntíma vera að horfa til stjarna út um gluggann. Sagði hann mér þá frá því, að í bænum þar sem hann var uppalinn hefði verið maður með svipuð áhugamál. Hefði hann átt dálítinn stjörnuvísi og oft farið út með hann á kvöldin, þegar stjörnuþjart var, og stundum staðið lengi við að skoða. En svo bætti þessi danski kunningi minn við: „Folk troede han var skör fordi han kiggede stjerner” – það var haldið hann væri ekki með öllum mjalla, af því hann var að horfa á stjörnurnar.

Mér datt ýmislegt í hug, þegar ég heyrði þetta, og mér hefur oft dottið þetta atvik í hug síðan, en ekki skal orðlengja um það hér, heldur nefni ég þetta aðeins sem dæmi um það, hve tiltölulega fágætt það hefur löngum verið, að menn gæfu gaum að stjörnunum, og hvaða álit þeir fáu máttu stundum búast við að fá á sig. Slíkir menn hafa verið uppi á ýmsum öldum og með ýmsum þjóðum og hefur gáfa þeirra eða viðleitni birzt á ýmsan hátt, eftir því hvernig á stóð, og eftir því hve djarflega og drengilega var sótt fram hverju sinni. Að það voru slíkir menn, sem urðu frumhöfundar heimspeki og vísinda með Forngríkkjum, er vel kunnugt, eins og líka það hvernig framhald varð af verki þeirra með þeim undirstöðuppgötfunum

sem gerðar voru á Vesturlöndum löngu síðar. En hitt er líka jafnsatt að uppi hafa verið forníslenzkir stjörnufræðingar, þótt sjaldan hafi víst verið þannig til orða tekið. Um Einar bónda Eyjólfsson á Þverá (Einar Þveræing) segir svo í Ljósvefningasögu : „ Einarr var sjálfr árvakr ok ósvefnugr. Gekkt hann oft út um nætr at sjá himintungl ok hugði at vandliga. Kunni hann alls þess góð skil ". Ég sé enga ástæðu til að bera briggður á þennan vitnisburð Ljósvefningasögu (fremur en t. d. frásagnirnar af hinum forníslenzku landafundum, sem fáir munu nú rengja), og það því síður, sem frásögn Glúmu (27. kap.) bendir einn til þess, að Einar hafi verið skarpskyggn athugandi náttúrufyrirbæra. Virðist mér einsætt að telja megi Einar hinn þriðja íslenska stjörnufræðing milli þeirra Þorsteins surts og Stjörnu-Odda, sem báðum hefur verið veitt nokkur eftirtækt af fræðimönnum. Hefur Stjörnu-Oddi jafnvel verið talinn einna fremstur stjörnufræðingur sína tíma í Evrópu þótt ekki hafi því neitt verið sinnt að fá þá vitneskju tekna upp í fræðibækur. En Þorsteinn surtur grundvallaði tímatalið íslenska, sem einstætt er í sinni röð, og má telja víst að hann hafi byggt á stjörnufræðilegum athugunum. Var endurbót hans samþykkt á Alþingi, sennilega árið 1961, að ráði Þorkels mána segir í Íslendingabók. En það er kunnugt, að Þorkell máni komst svo einkennilega að orði um sólina, að undrun hefur vakið fram á þennan dag. Væri þá ef til vill ekki ástæðulaust að láta sér detta í hug, eins og maður nokkur hefur haft orð á við mig, að auknefni sitt hafi hann fengið af einhverjum óvenjulegum áhuga á mánanum.

Þorsteinn Guðjónsson

Morgunblaðið 18. febrúar 1965.

SÉRSTÆÐUR DRAUMUR.

Fyrir nokkrum árum skræði ég frásagnir, eftir eldra fólki, um stórveður, sem brast á mjög snögglega árdegis 7. janúar 1886, og nefnt var, Knútsbylur. Var hann mörgum minnisstæður og olli víða tjóni. Úr þessari ritgerð minni tek ég hér stuttan kafla til birtingar í Félagsblaðinu. Heimild hans er frá Gísla Björnssyni rafveitustjóra á Höfn, eftir frásögn föður hans Björns Gíslasonar fyrrum bónda á Meðalfelli í Nesjum.

Á árunum 1883-1890 bjuggu á Meðalfelli í Nesjum hjónin Eiríkur Guðmundsson og Halldóra Jónsdóttir. - Meðal vinnufólks er þá var hjá þeim árið 1886, voru þeir Björn Gíslason, síðar bóndi á Meðalfelli og mágur hans Benedikt Guðmundsson, síðar bóndi í Brekkubæ. - Nóttina fyrir Knútsbyl dreymir Björn að faðir hans

Gísli Guðmundsson, sem látinn var þá fyrir nokkrum árum komi til sín og mæli með áherzlu : „ Þú átt ekki að fara inná Dal í dag ". Víkur draummaður síðan burt. – Gísli Guðmundsson og kona hans Guðlaug Jónsdóttir, ásamt þremur börnum þeirra, voru áður öll búin að vera um nokkur ár hjá Eiríki og Halldóru, eftir að Gísli brá búi. Áður var hann búinn að vera í nokkur ár bóndi á Meðalfelli. – Morguninn eftir fóru þeir Björn og Benedikt til gegninga. Þar sem veður var kyrrt, ráku þeir fé út til beitar og ætluðu að venju þegar einhverjir hagar voru, að reka það inn fyrir Meðalfellið, sem er sérstakt fyrir minni Laxárdals. Þegar þeir eru komnir með það eins og leið liggur austur túnið að Kúaskarði austan við Fellið, koma þeir því með engu móti lengra áfram. Var eins og komið væri á móti með miklum ákafa. Eftir nokkurn eltingar-leik urðu þeir frá að hverfa og tóku það ráð að reka féð vestur með Fellinu í von um að það gengi þar betur inneftir. Þegar þeir eru komnir inn að svonefndum Smalasteini vestan undir Fellinu, endurtekst þetta sama og áður að þeir koma því ekki áfram og því líklegt sem komið væri enn í ákafa á móti því. Þótti þeim þetta undarlegt, enda aldrei komið fyrir áður að féð rynni ekki sínar vonu slóðir til beitilandsins. Eftir nokkra viðureign þarna með féð skall á áðurnefnt ofviðri. Sneru þeir þá strax með féð heim að húsunum og áttu fullt í fangi með að koma því inn. Var Eiríkur þá kominn til þeirra. Herti þá veðrið enn meir, svo ekki var fært heim að bænum, þó stutta leið væri að fara. Dvöldu þeir í húsunum um nokkurn tíma. – Telja má víst að féð hefði allt eða mest allt farizt – hrakið austur í Laxá eins og á öðrum bæ í nágrenninu og víðar – ef það hefði verið komið í landið norðan við Fellið, áður en fárviðri þetta skall á.

Bjarni Bjarnason,

Brekkubæ.

DRAUMUR.

Mig dreymdi í nótt, að ég þóttist sjá gamlan mann innan við fordyr nokkrar. Fannst mér það helzt vera prestur, sem ég hálfkannaðist við, en gat ekki séð framan í hann, því hann sneri vanganum þangað, sem ég stóð. Fannst mér það þó vera annaðhvort Þorsteinn Björnsson eða þó öllu fremur Bjarni Jónsson. Mikill virðuleiki stafaði af honum og hvítt hárið á höfði hans var sem perlukrans, allt í kringum höfuðið og niður að herðum. Slíka fegurð hef ég aldrei augum litið fyrr, því af þessu silfraða hári, geislaði í allar áttir. Ég varð þess vör, að menn komu að dyrunum, þar sem hann stóð og heilsuðu honum. Mér fannst ég verða að gera slíkt hið saman, og lagði því leið mína þangað. En ég sá hann þá hvergi, og við það vaknaði ég.

Guðlaug Guðlaugsdóttir

KOFFORTSLYKILLINN.

Um lokin vorið 1912 lagði ég af stað við 14. mann með flóabátnum upp í Borgarnes á leið norður á Sauðárkrók, ráðinn í vegavinnu við Skagafjarðarbrautina yfir sumarið. Við gengum úr Borgarnesi norður í Húnavatnssýslu. Samferðamenn mínir voru vermenn, sem róð höfðu suður með sjó á vertíðinni, að fara norður til heimila sinna. Ég skildist við þá á Blönduósi og varð samferða þeim úr hópnum, sem átti heima á Skagaströnd, fékk að gista hjá honum og bíða þar milliferðaskips, sem von var á þangað úr Reykjavík á leið til Sauðárkróks. Með skipinu átti að vera farangur minn, koffort og tveir fatapokar, sem og var. Eftir nokkurra daga bið kom skipið að Skagaströnd, og fékk ég far með því þaðan að Sauðárkróki. Með skipinu var kunningi minn, Bjarni Jónsson beykir, á leið norður á Siglufjörð. Undireins og ég varð hans var og vissi ferðaáætlun hans, það ég hann að taka af mér tvær bækur og koma þeim til skila til manns á Siglufirði, og hét hann því góðfúslega. Að kvöldi dags komum við að Sauðárkróki, og ætlaði ég þá að opna koffortið og ná í bækurnar, en fann hvergi lykilinn. Sagði ég þá Bjarna frá því að nú færi ég í land, reyndi að fá mér verustað yfir nóttina á einhverju heimilinu þarna í " Króknum ", þó að ég þekkti þar engan, og yrði ég ekki búinn að finna lykilinn fyrir hádegi daginn eftir, áður en skipið færi, myndi ég brjóta upp koffortið, svo ég gæti afhent honum bækurnar. Svo fór ég í land, gekk um allt þorpið, virti fyrir mér hvert hús þar um leið og leizt ekki svo á neitt þeirra að ég vildi biðjast þar næturgistingar. Var mér nú farið að detta í hug að liggja úti upp í hlíðinni fyrir ofan þorpið, en gekk þó áður stuttan spöl inn fyrir Krókinn til þess að skoða reisulegan torfbæ, sem ég sá standa þar. Ég gekk þangað heim, hitti húsráðendur, sem virtust manndómsmenn, falaði af þeim einnar nætur gistingu, og var mér þar ljúfmannlega tekið og gisting og veitingar veittar fúslega. Mér var vísað til svefnis í gott rúm. Bær þessi minnir mig að héti Sauðá. Öðru hvoru var ég að hugsa um lykilinn að koffortinu mínu og taldi líklegra, að ég hefði skilið hann eftir á borðshorninu heima hjá mér, heldur en að hafa týnt honum. Óskaði ég þess, að svo hefði verið og mamma hefði þá hirt hann og látið hann fylgja fötum mínum. Væri þá ekki nema einn vegur til þess að fá að vita það í tíma, sá vegur að mig dreymdi um það þessa nótt. Ég svaf vel, vaknaði kl. 4 til 5 um morguninn og hafði mig þá ekki dreymt lykilinn. En er ég sofnaði aftur, þótti mér móðir mín kalla til mín frá Reykjavík þangað, sem ég vissi mig nú vera fyrir norðan; Halli minn, þig vantar lykilinn að koffortinu þínu. Þú skildir hann eftir á borðshorninu. Ég tók hann, hnýtti við hann seglgarnsspotta og hnýtti honum við spælinn á gráröndóttu buxunum þínum, en þær eru efst undir segldúknum í opinu á öðrum fatapokanum þínum ". Þvínæst vaknaði ég. Ég lá litla stund vakandi, óskandi þess að vita, hvernig draumurinn hefði orðið til, eins og mig hafði svo oft áður langað til. Eftir litla stund

sofnaði ég enn, og þá fannst mér eða mér var sagt – ég man nú ekki hvort heldur var – að nú skyldi ég fá að sjá, hvernig þessi draumur varð til. Þá sá ég fyrir ofan mig mann standa á lengdar og horfa á ungan mann rétt fyrir framan sig leitandi að lykli að hirzlu sem stóð rétt hjá honum ásamt öðrum farangri. Hann kallaði til móður sinnar, sem mér fannst standa í nokkurri fjarlægð í öðru herbergi, að sig vantaði lykilinn. Hún kallaði til hans sömu orðin og mér fannst móðir mín kalla til mín, og þar þótti mér hann finna lykilinn. Og minn lykill var líka þar sem mér þótti móðir mín segja í draumnum áður.

Haraldur Jónsson.

OPÞ BRF TIL PRESTA.

Í öllum ræðum ykkar kemur fram, að þið hafið mikinn áhuga á að glæða trúarlíf okkar Íslendinga, og ykkur finnst að því hraki óðum. Ég er ekki frá að svo sé. En dettur ykkur aldrei í hug, að eitthvað nýtt þurfi að koma til, einhver nýr skilningur á trúarbrögðunum, sem lyft geti ykkur og tilheyrendum ykkar upp á sjónarhól, þaðan sem þið gætuð áttað ykkur betur á tilverunni og á guðdóminum? Ef þið skylduð, einhverjir ykkar, hafa áhuga á að öðlast betri skilning og yfirsýn á þeim málum, vil ég leggja til að þið lesið og kynnið ykkur vel ritverk sem Nýall heitir. Er það í 6 bindum og höfundurinn er hinn framúrskarandi vísindamaður dr. Helgi Pjétturss. Hann er áreiðanlega fyrsti maður á okkar jörð, sem öðlast hefur yfirsýn og fullan skilning á uppruna og eðli trúarbragða. Ef þið, prestar, tækjuð upp á því, að flytja ræður ykkar í anda þessa nýja skilnings, mundi svo fara, að þið fengjuð nóga tilheyrendur. Og þegar þeir hefðu tileinkað sér hinn Nýalska skilning, mundi hinn æðri lífskraftur eiga greiðari leið í kirkjur ykkar, svo þar gætu gerst ýmsir undursamlegir hlutir.

Með því að þið tækjuð upp hinn nýja skilning varðandi trúarboðun ykkar, gætuð þið stuðlað að því, að Ísland yrði það " farsælda Frón " sem svo lengi hefur verið óskað eftir.

Ingvar Agnarsson

30. ágúst 1964.

Í FÖGRUM DAL.

(Draumur 16.1.1965)

Mig dreymdi, að ég var kominn upp í Jósefsdal (en það er gróðurlaus smádalur sem liggur suðaustan við Vífilfell). En ekki var dalurinn í draumnum gróðurvana eins og Jósefsdalur, heldur grasi vafinn og að öðru leyti einnig ólíkur honum. Þarna var með mér fleira fólk. Við gengum inn eftir dalbotninum og komum í innri enda hans. Voru þar klettur allháir og þá þar fyrir viðum helli. Er við komum að þessum helli sá ég að þetta var í rauninni gat í gegnum mikinn klett. Og er við höfðum gengið gegnum þennan helli opnaðist annar dalur. Var hann heillandi fagur. Ekki var hann stór og dalbotninn með tjörnum hér og þar, en á milli þeirra óx fagur gróður þó ekki tré eða slíkur stórvaxinn gróður, heldur skiptust á lágvaxnir grænir runnar, grænar grasflatir og blómagreiddur. En aflíðandi brekkur lágu niður undir dalbotninn allt í kring og voru vaxnar ýmiskonar gróðri. Hópa af fólki sá ég hér og þar. Ég varð heillaður af þessari fögru sýn og fannst ég fyllast miklum fögnuði.

Ég gekk nú þarna inn dalinn ásamt fleirum, á milli tjarna og meðfram tjörnum. Tók ég eftir að í þeim voru einnig ýmsar jurtir. Sagði mér einhver, að ef ég tæki nokkrar þessara vatnajurta og þurrkaði þær, gæti ég haft þær sem stofuprýði heima hjá mér. Tók ég utanum dálítinn dúsk af þessum vatnajurtum, sem uxu rétt við bakkann og ætlaði að slíta þær upp, en þær voru þá svo sterkar, að þær slitnuðu ekki upp fyrr en ég hafði beitt til þess öllu afli. Voru jurtir þessar slýkenndar viðkomu og fann ég hvernig bleytan lak af höndum mínum, er ég hafði náð upp þessum jurta-skúf. Hélt ég svo enn áfram göngu minni inn dalinn og ætluðum við að ganga alveg í hinn enda hans, en áður en á löngu leið vaknaði ég.

Ingvar Agnarsson
(16. jan. 1965)

DRAUMUR UM KLETTA (dreymt 13 janúar 1965)

Lesið upp í Bifröst, 19/3 1965

I.

Ég þóttist vera staddur í fjalllendi nokkru. Fannst mér fyrst að ég vera staddur í Vetrarbrekkunni, sem er við Ingólfsfjörð utanverðan, en eftir að draumurinn skýrðist, hvarf sú rangþýðing. Ekki man ég vel fyrri hluta draumsins, en eftir að ég fer að muna hann, er ég á gangi í brattri fjallshlíð ásamt öðrum manni, sem ég

veitti þó ekki verulega athygli. Við göngum undir hömrum nokkrum. Fer ég að veita berginu athygli, og sé að þarna er um sérstæða bergmyndun að ræða. Bergið er þverhnypt og flötur þess tiltölulega jafn en þó hrjúfur. Og ef litið er með nokkurri athygli á bergið, sést að það samanstendur allt af hringmynduðum blettum, líkt og bólstraberg. En þó er það ekki líkt bólstrabergi því það er allt mjög sprungið og hrjúft á sinn sérstæða hátt, og jaðrar eða mót bólstranna mjög greinileg. En hér í draumnum eru mót þessara hringlaga forma ekki eins skörp. Ég kemst að því í draumnum, að með því að athuga þetta berg með tilliti til þess hvernig birtan féll á það, gat ég greint þessi formskipti enn greinilegar, litur klettsins var ljósgrár, líklega heldur ljósari en nýklofið grágrýti, og fannst mér hann fremur fallegur. Þessi hringlaga form munu hvert um sig hafa verið um 30–40 cm í þvermál. Ég athugaði bergið allvandlega. T. d. strauk ég um það með fingrunum og fann, að það var fremur gróft viðkomu, þótt heildarsvipur klettsins væri sléttur.

Eftir þessar athuganir héldum við félagarnir áfram og komum að klettum, sem voru geysiháir. Voru þeir himingnæfandi upp fyrir okkur og náðu einnig langt niður fyrir. Þótti mér vera sjór fyrir neðan þá. Þóttist ég vita, að við værum staddir á eyju og að þessir háu klettar næðu meðfram strönd hennar á alllögum kafla.

Er við komum að þessum himinbjörgum, héldum við ótrauðir eftir mjóu einstigi sem lá út í klettana. Var félagi minn á undan. Einstigið varð brátt mjórra og hættulegra. Ég kallaði þá til félaga míns og kvaðst mundu snúa við. Hann stanzaði þá snöggvast en kvaðst mundu halda áfram inn. Bar hann þarna við himin utan í þverhnyptum klettaveggnum. Furðaði ég mig á hve fimur hann væri, að treysta sér til þess að halda áfram í þessari ófæru.

Ég fór nú að líta í kringum mig. Tók ég eftir, að bergið var samskonar, og var í klettum þeim sem við höfðum verið að skoða, nokkru áður. Nokkru neðar í klettunum sá ég götu eða einstigi, sem var mun greiðara en það sem við félagarnir vorum staddir í. Þóttist ég vita að kindur legðu stundum leið sína eftir þeirri götu. Er ég leit lengra niður sá ég undir klettunum grasi gróna brekku, og á einum stað var brekkan ekki brött. Sá ég þar eins og einhverjar torfrústir eftir smákofa eða hús, sem þar mundi hafa staðið einhverntíma. Rifjaðist þá upp fyrir mér að ég ætti minningar tengdar þessum stað. Hafði ég leikið mér þarna sem drengur og byggt mér lítinn kofa. Ætlaði ég að snúa við og ganga niður fyrir klettana og að þessum gömlu rústum, en áður en það yrði, vaknaði ég.

II.

Landslag eins og þetta í draumnum hef ég aldrei í vöku séð. Og bergmyndun eins og þá sem ég skoðaði í draumnum hef ég

heldur ekki séð. Eg veit ekki um hvort neitt slíkt berg er til hér á jörðu. Draumgjafi minn hefur verið athugull náttúruskoðandi og athuganir hans hafa borist mínum sofandi heila, nægilega skýrt til þess, að ég gat munað eftir þeim eða hluta þeirra eftir að ég vaknaði.

Ef betur væri ástatt hér á jörð mættu draumar verða okkur til mikils fróðleiks, um sitthvað á öðrum stjörnum. Stjörnujarðfræði t. d. mundi þá ekki verða neinir fjarlægir órar, heldur raunveruleiki, sem okkur jarðarbúum ætti að takast að stunda hér með góðum árangri með hjálp hinna lengra komnu draumgjafa okkar, sem vitandi vits mundu stuðla að því að athuganir þeirra og vitneskja gætu borist okkur á þeim stundum er við værum í draumsambandi við þá.

Athyglisvert atriði í þessum draumi er minning um reynslu frá löngu liðnum tíma í sambandi við rústir þær, er ég sá undir klettunum, sem ég var staddur í. Slíkar minningar á ég ekki frá liðinni æfi, þótt e. t. v. megi segja að ég eigi hliðstæðar minningar. Kemur þarna glögg fram, að hugsanir og minningar í draumi, eru ekki okkar eigin, heldur draumgjafa þess, sem við erum í sambandi við þá stund sem okkur er að dreyma.

III.

Flestir munu telja að það, sem fyrir þá ber í draumi, eigi við þá sjálfa í raun og veru. Flest bendir þó í þá átt að svo sé ekki. Flest sem fyrir okkur ber í draumi, könnumst við ekki við úr vöku jafnvel þótt við rangþýðum það oft á þann hátt. Mest er um rangþýðingar í byrjun draums, meðan samband er að komast á, og meðan draumurinn er óskýr. Um það vitnar t. d. draumurinn, sem ég var að segja ykkur, því þar þóttist ég fyrst vera á mér kunnum stað, enda þótt allt væri þar mjög ólíkt því, sem er í raun og veru. Um þetta geta flestir sannfært sig er þeir athuga drauma sína eftir á.

Annað einkenni drauma, sem einnig er algengt, eru ýmsar hugsanir og endurminningar í draumi, þótt maður eigi engar slíkar í vöku. Einkennilegt væri ef maður ætti raunverulega, aðrar endurminningar í draumi en í vöku. En þannig lítur þetta út. Í draumnum, sem ég var að lesa upp kemur einnig þetta vel fram, því þar átti ég endurminningu, sem ég á alls ekki í vöku.

Þriðja einkenni drauma, og sem einnig kemur skýrt fram í þessum draumi mínum, er t. d. vitneskja um staði eða landslag, meir en aðeins það, sem maður hefur fyrir augum í draumnum. Mér fannst ég vita um lögun þessa landsvæðis, sem mér þótti vera eyja, og um stærð og breidd þessara kletta, sem ég var að klifrast í, langt umfram það, sem fyrir augu dreymandans bar.

Allt virðist þannig benda til að það sé alls ekki maður sjálfur, sem draumarnir stafa frá, en ekkert mælir hinsvegar á móti því, að það geti verið einhvern annar. Skýring Helga Þjéurss, að draumsamband okkar sé við draumgjafa, er því enn í fullu gildi, og erfitt að mótmæla þeirri kenningu. Að henni liggja of mörg rök til þess. Úr því að nær óhugsandi er að draumar stafi frá okkur sjálfum, hljóta þeir að stafa frá einhverjum öðrum, einhverjum sem vakir og sér og reynir það, sem við í draumi þykjumst sjá og reyna, einhverjum, sem dr. Helgi kallði draumgjafa, enda er það réttnefni.

Aftur á móti er oftast erfitt að ráða í hvar draumgjafinn muni eiga heima. Sumir draumar eru þannig, að þeir gætu sem best stafað frá draumgjafa á okkar landi eða frá draumgjafa einhversstaðar úti í heimi. En aðrir draumar benda ótvírætt út fyrir jörðina, t.d. þegar dreymandi maður sér stjörnumerki, sem hvergi geta sést héðan af jörð. Í slíkum draumum hlýtur draumgjafinn að eiga heima á einhverri annari jarðstjörnu og vera að athuga þær himinmyndir, sem þaðan er að sjá, einmitt á þeirri stundu, sem okkur dreymir að við séum að athuga slíkt hið sama. Slík reynsla mun ekki vera óalgeng.

Ingvar Agnarsson

UPP KOMA SVIK UM SÆDIR.

Við þessar ágætu athuganir frænda míns ætla ég aðeins að bæta atviki, sem fyrir mig hefur borið, og ekki er merkilegt að öðru leyti en því, að ég fékk þar hugboð, sem rétt reyndist vera. Ég átti leið með manni seint um kvöld, og fór hann þá af sérstakri ástæðu að segja mér trúarsögu sína. En hann hefur lengi verið KFUM maður og mun þó áður hafa verið eitthvað hugsandi um trúarleg efni og jafnvel haft einhverja hugmynd um Nýal. Sagðist hann um tíma hafa átt í "glötunarbaráttu" eftir því sem þeir taka til orða þar í KFUM, en ég hygg vera sama eðlis og reynsla, sem menn af öðrum skoðunum hafa sagt mér frá, og mun þar vera um aðstreymi illra áhrifa að ræða. En meðan hann var að segja frá þessu og aðdraganda þess, flaug mér skyndilega í hug, að það hefði staðið í sambandi við tiltekinn atburð og spurði því manninn, hvaða ár þetta hefði verið. "Það var árið 1941 -", sagði hann. "Ekki vænti ég að það hafi verið í ágúst?", spurði ég. "Það mun hafa verið í ágúst", sagði hann. Við þessi orð fannst mér eins og straumur færi á milli okkar, og litumst við í augu og var undarlegt að mæta augnaráði hans þarna í skímunni frá götuljósinu. "Það mun hafa verið þá, sem Kaaber var að vinna sín myrkraverk", sagði ég. Virtist mér þau orð hafa heppileg áhrif á hann, og var greinilegt að hann rengdi ekki skoðun mína. En ekki varð ég þó var við að honum vaknaði neinn áhugi á að komast til botns í því máli og er

hætt við að svo myndi fleirum fara, að þótt þeir vissu þarna sannleikann, þá létu þeir sig litlu varða.

Eins og margir munu hafa orðið varir við, þá hefur það mjög ótrúlegt þótt, að Kaaber hafi aðeins látizt deyja, og má þó segja að dulrænuíðkara hafi verið það ætlandi öðrum fremur að " draga sig í hlé " á þennan hátt. Enn ótrúlegra var þó hitt, að nokkrir skyldu láta hafa sig til að aðstoða við þetta athæfi. Má búast við því að þá hafi iðrað þess oft síðan og hafi þó iðruninni verið samfara hræðsla við að hið sanna kæmi upp. Mun vera óhætt að gera ráð fyrir að hinna meðseku sé að leita í hópi þeirra sem mest kapp hafa á það lagt að breiða það út, að Helgi Pjeturss hafi verið geðbillaður. En hver sá, sem nokkur tíma hefur orðið það á að taka þátt í þeim rógi, ætti að gera sér ljósa grein fyrir því, hvaðan honum var sú hugmynd komin, því að af eigin reynslu óbrjáláðri mun enginn hafa getað dregið slíka ályktun.

Þorsteinn Guðjónsson

Eins og lesendur Félagsblaðsins munu hafa tekið eftir, misprentaðist fyrir sögn greinar minnar, Upp koma svik um síðir, í síðasta blaði, og er það ástæða þess að hún er nú endurprentuð. Þýðingarmikið er að menn kunni að fara rétt með hina ýmsu máls- hætti og orðatiltæki, og um þessa grein skipti þetta máli á þann sérstaka hátt, að án rétttrar fyrir sagnar getur hún ekki orðið sigursæl. Greinar og annað ritað mál eru tilraunir til að hafa áhrif á sambönd manna, og röng íslenzka stillir til sambands við þá sem óvinveittir eru hinni íslenzku framsókn. En einungis frá þeim sem vilja hinni íslenzku framsókn vel, er hjálpar að vænta í því máli sem þarna er vikið að.

Það er annars gaman að hugsa til þess, hver ávinningur gæti orðið að því að halda þarna áfram. Samböndin upp á við, sem okkur félögum er svo mikil þörfin á, myndu vakna til nýs lífs og fara síbatnandi, og við myndum geta farið að láta fyrirbrigði gerast á þann hátt, sem um munaði. Ég, og við hérna í Osló, myndum geta komið heim, úr þeirri hálfgildings útleigð, sem við erum hérna í, og orðið þátttakendur. Og þannig myndi fleirum reynast. Sannast myndi hið fornkvæna :

Viku eftir
mun þér vilja þíns
allt að óskum ganga.

Eins og eðlilegt var, þá varð sumum félagsmönnum okkar um og óþegar þeir sáu þessar greinar okkar nafnanna. En ekki þarf að óttast, þótt orð sé haft á þessu. Enginn hefur enn kvartað undan því sem sagt hefur verið og mun ekki verða, þótt hert sé á og endurtekið. Valdamenn þjóðfélagsins eru lafhræddir við þetta mál, og munu sér engu af skipta.

D.G.

DRAUMAR ERU SJÓNSKYNJANIR.

(En dröm er at se)

Draumar hafa gjarnan verið skýrðir sem sjónrænar ofskynjanir. Bæði fornmennt og nútímamenn staðfesta það, hvort heldur um er að ræða siðmenntaða menn eða frumstæða. Einkennandi dæmi um tilraun frumstæðra manna til að skilja merkingu drauma er zulumaðurinn, sem hafði komist að þeirri niðurstöðu, að sál hans brigðist sér í ferðalag til að litast um. Mennt komust þannig að orði, að zulumenn sem að jafnaði hittu kynjaverur í draumum sínum " byggju í draumahúsi ". Hinn högværi ojibwa segir, " að dreymandinn sjái meðan hann sefur ". Goethe notaði samskonar líkingu, þegar hann talaði um drauma sem " dutlungafullar myndir ". Platon, sem háður var sömu villunni og zulumaðurinn áleit, að draumskynjanir væru af öðrum toga spunnar en vökuskyrnjanir. Hann skipaði því draumunum rúm í lifrinni ásamt ofskynjunum geðveikra manna, en tileinkaði höfðinu alla skynsamlega hugsun. Síðari tíma heimspekingar hafa á sama hátt bent á sjóneðli draumanna, en hafa aftur flutt þá frá lifrinni til höfuðsins. Daníel Hume hélt því þannig fram að hugsýnir og draumar væru mismunandi aðeins að " styrkleika og lífsfjóri ". Ameríski sálfræðingurinn G. Trumbull Ladd, samtíðar- maður Freuds, lét í ljós þá skoðun að draumarnir færu fram í net- himnu augans. Og Freud gaf þá skýringu að draumar væru " breiting hugsana í myndir ". Bæði skýringu þá sem meistarinn gefur hér, og kenningu ojibwas má aftur finna í bókinni : ' A Hole Is to Dig, a Childs Book of First Definitions, eftir Ruth Kraus, sem rituð er fyrir sex ára börn í Ameríku. Þar er það skýrt fyrir hinum unga lesanda að " draumur sé það að sjá að nátturlagi ". Þegar hin nýja tækni draumarannsóknanna hefur þróast, verður öllum það ljóst, að nauðsynlegt er að endurskoða þann skilning að draumarnir séu ekki annað en sjónrænar viðburðir. Nýjar uppfinningar á sviði heilalífisfræði og taugalífisfræði hafa gert fært, að ákveða með meiri nákvæmni eðli og uppruna draumanna. Í sambandi við þetta endurmat, mun það ef til vill reynast nauðsynlegt, að endurskoða hinar hefðbundnu skýringar á svefni, meðvitund og hugsun - viðfangsefni, sem eru veigamikil við draumaskýringar.

Meira en augað sér. Það hefur ætíð virzt svo sem sjóneðli draumanna væri veigamest allra skynjana, sem ættu sér stað (í draumi). Jafnvel þegar menn náðu nýjum tókum á aðferðum til að fylgjast með draumunum, varð það með þeim hætti, að fyrst var tekið eftir hinum hröðu hreyfingum augnanna, sem að minnsta kosti í yfirfærðri merkingu - virtust athuga atburðina, sem fyrir dreymandann bar. Fáum árum síðar gátu menn með aðstoð rafheilaritans fært sönnur á ofannefnda skýringu. Dr. Edwards V. Evarts og Dr. Peter R. Huttenlocher frá U.S.A. 's National Institute of Mental Health ásamt D.H. Hubel frá Walter Reed Army Institute of Research í Bandaríkjunum, opnuðu hauskúpu lifandi katta með

skurðaðgerð og komu örmjóum elektroðuritum fyrir í hinum innri svæðum heilans. Utan á höfuðkúpunni enduðu elektroðurnar í svaltílli bólu, sem fest var til frambúðar og sárið síðan saumað saman. Við bóluna var tengd leiðsla, sem höfð var slök, svo að hreyfingar kattarins væru óhindraðar. Þessi leiðsla var svo aftur tengd við EEG-vél og fleiri skráningartæki. " Hin krónisku ósnortnutæki ", eins og menn hafa nefnt þessa ketti, sem leiddar hafa verið leiðslur í, hafa lifað " rannsóknarstofulífi " árum saman eftir uppskurðinn, þrátt fyrir öll þessi tæki, sem þeir gengu með í heilabúinu. Við eina tilraun sína tók Huber eftir því, að þegar kötturinn svaf og draumatíminn stóð yfir, varð raforkan meiri í hinu " visuella cortex ", (þ. e. þeim svæðum gráa heilavefsins, þar sem auðvelt er að sanna að taugabrautir standa í nánú sambandi við sjóntaugar), en í vökuástandi .

Síðar meir, þegar Kleitman og samstarfsmenn hans höfðu skráð mikinn fjölda drauma, gátu þeir sýnt fram á önnur sérkennileg líffræðifyrirbrigði. Dr. Dement og dr. Volpert sýndu fram á, að hin hröðu lágspennufyrirbrigði, sem hægt var að fylgjast með á EEG-vélinni, skráðu fleiri drauma en hinar hröðu augnhreyfingar gerðu. Þegar tilraunafólkið var vakið meðan stóð á þessum sérkennulegu heilabylgjum gat það undantekningarlaust skýrt frá draumum sínum, hvort heldur um hafði verið að ræða hinar hröðu augnhreyfingar eða ekki. Á grundvelli þessara athugana komu Dement og Valpert fram með þá skoðun, að af hinum mikla fjölda væri um að ræða tvennskonar drauma : Virka (aktiva) drauma, þar sem sjónmyndirnar yllu hinum hröðu augnhreyfingum og óvirka (passiva) drauma, með litlum eða engum augnhreyfingum.

Árið 1959 sögðu Offenkrants og dr. Valpert að um hefði verið að ræða fjölda ósjónrænna drauma, þegar venjulegar tilraunir voru gerðar með 39 ára gamlan mann, blindan frá fæðingu. Meðan á draumarannsóknunum stóð, sem náðu yfir tvær nætur, fengu þeir frásögn blinda mannsins af 6 draumum eftir að þeir höfðu vakið hann. Allir voru þessir draumar lausir við sjónmyndir. Í þess stað var um að ræða samtöl, heyrn, hugsanir og þreyfiskynjanir. Dæmi : " Ég var að tala við vin minn og hélt á litla barninu í fangi mér Ég vissi að þetta var vinur minn af því að ég þekkti rödd hans Ég vissi að ég hélt á litla barninu af því að það hafði ungbarnshár á höfðinu Ég fann að ég sat í dagstofustólnum mínum " .

Eftir því sem draumarannsóknartæknin fullkomnaðist fundu menn fleiri ósjónræn fyrirbrigði, sem réðu í draumunum. Þrjú þessi fyrirbrigði höfum við þegar talað um (í fyrri köflum þessarar bókar). Hið fyrsta er hin ákafa óró í hinum innri líffærum, þ. e. a. s., í ósjálfráða taugakerfinu (6. kafli). Hið annað : hvernig líkaminn vinnst til og hreyfist á sérstakan hátt sem gefur til kynna

að draum sé að verða lokið. Hið þriðja : það er raforka vöðvanna, sem að því er virðist líkir eftir athöfnum sofandans í draumunum o. s. frv.

Úr bókinni : Vore drömmе eftir Edwin Diamond.

Þýðandi : Jón Sigurðsson, kennari.

UMMÆLI HANNESAR JÓNSSONAR UM HELGA ÞJÉTURSS.

DR. HELGI ÞJÉTURS var fagur maður. Það var eins og þar færi hámenntaður og kynborinn Rómverji, Svipur hans og fas var virðulegt og framganga öll. Andlitið var í senn góðmannlegt og göfugt, og þar vott um órjúfandi sannleiks vissu. Mál hans, mælt og ritað var meitlað og fagurt, maður efaðist ekki um það að hann sagði hvert sinn sannleikann, og ekkert nema sannleikann.

DR. HELGI VAR SPEKINGUR á því er enginn vafi. En hann var svona 700 árum á undan tímanum, og því skildi hann enginn. Það var ömurleg ævi að vera svo einmana, ótrúleg þjáning. Hann vissi að hann var vanheill, líkaminn þoldi ekki svo stóra sál. Líkamsrækt stundaði hann mjög, til að herða líkamann. Heilbrigð sál í hraustum líkama, það þekkti hann vel.

DR. HELGI DÝRKAÐI fegurðina, hina sönnu fegurð alsælunnar. Við teljum þjáningar jarðlífsins böll, en er það ekki eitt stigið til fullkomunnar? Augu og andlit Dr. Helga Þjéturs minna mig alltaf á Jesú Krist, sem maður getur alltaf séð þó hann sé í órafjarlægð en aldrei nema maður sé barn í hugsun og með hreinum huga.

Hannes Jónsson

Alþýðublaðið 15. maí 1965.

Efnisyfirlit:

- | | | |
|------|----|--|
| Bls. | 2 | Halastjörnur
Ingvar Agnarsson |
| - | 3 | Efni blaðsins
Þorsteinn Jónsson |
| - | 4 | Íslenzk skýring á eðli fyrirframskynjana
Þorsteinn Jónsson |
| - | 5 | Var Snorri Sturluson ekki höfundur Heimskringlu ?
Þorsteinn Jónsson |
| - | 6 | Nokkur orð um draumakenningar og stillilögmálið
Bjarni Bjarnason, Brekkubæ |
| - | 8 | Tekið upp úr " Morgni "
Þorsteinn Jónsson |
| - | 16 | Úreltar kennisetningar og hin nýju sambandsvísindi
Ingvar Agnarsson |
| - | 19 | Forníslenzkir stjörnufræðingar
Þorsteinn Guðjónsson |
| - | 20 | Sérstæður draumur
Bjarni Bjarnason, Brekkubæ |
| - | 21 | Draumur
Guðlaug Guðlaugsdóttir |
| - | 22 | Koffortslykillinn
Haraldur Jónsson |
| - | 23 | Opið bréf til presta
Ingvar Agnarsson |
| - | 24 | Í fögrum dal
Ingvar Agnarsson |
| - | 24 | Draumur um kletta
Ingvar Agnarsson |
| - | 27 | Upp koma svik um síðir
Þorsteinn Guðjónsson |
| - | 29 | Draumar eru sjónskynjanir
Jón Sigurðsson kennari, þýddi |
| - | 31 | Ummæli Hannesar Jónssonar um Helga Pjéturss
Hannes Jónsson |